

Fundur settur kl. 17.30 á sal skólans, 9 mættir auk stjórnar.

Fundarstjóri: Kristín Þóra Möller, formaður FFA

Dagskrá:

1. **Skýrsla stjórnar.** Farið var yfir það sem félagið gerði á skólaárinu 2023-2024. Dagskrá og styrkir með hefðbundnu sniði.
2. **Skýrsla gjaldkera.** Farið yfir helstu kostnaðarliði og uppgjör reikninga félagsins sem hlotið hafði samþykki skoðunarmanns reikninga fyrir fundinn. Staðan er góð í upphafi nýs skólaárs en félagið á rúmlega 520.000 kr. í upphafi starfsársins. Stjórnin sér fram á að útgjöldin verði meiri á þessu skólaári þar sem það þarf að kaupa meira inn fyrir jólaföndrið og stjórnin ætlar að láta verða að því að setja hluta þess sem til er og þess sem mun safnast með gjöldum þessa árs inn á gjafasjóð sem eyrnamerkur er gjöf fyrir stórafmæli Akurskóla á næsta ári. Skýrsla stjórnar og skýrsla gjaldkera samþykkt einróma af viðstöddum.
3. **Lagabreytingar.** Engar tillögur bárust að lagabreytingum og hvorki stjórnin né viðstaddir á fundinum báru upp slíka tillögu enda voru lögin endurskoðuð árið 2023.
4. **Kosning stjórnar:** Þeir sem kveðja stjórnina eru: Ásta María Guðmundsdóttir, Rósa Jóhannsdóttir, Þóra Guðrún Einarsdóttir (gjaldkeri) og Kristín Þóra Möller (formaður). Berglind Ýr Kjartansdóttir, Eyrún Guðnadóttir, Helena Björk Rúnarsdóttir og Sigrún Óskarsdóttir buðu sig fram til áframhaldandi starfa. Fjórir til viðbótar buðu sig fram í stjórn FFA, Matthías Daði Guðbjartsson, Þórunn Káradóttir, Telma Kristóbertsdóttir (bauð sig fram í starf ritara) og Þórey Friðrikka Guðmundsdóttir (bauð sig fram í starf gjaldkera). Embættin verða formlega ákveðin á fyrsta fundi stjórnar. Stjórnin var einróma samþykkt. Fráfarandi stjórnarmönnum er þakkað vel unnin störf og nýtt fólk boðið velkomið.
5. **Kosning fulltrúa í skólaráð.** Borghildur Ýr Þórðardóttir og Eybjörg Helga Daníelsdóttir sitjandi fulltrúar í skólaráði sitja báðar áfram með samþykki fundarins. Borghildur situr sitt þriðja ár en Eybjörg sitt annað ár.
6. **Kosning skoðunarmanns reikninga.** Einar Þór Guðmundsson skoðunarmaður reikninga var fjarverandi á fundinum en bauð sig áfram fram og var sjálfkrafa endurkjörinn.
7. **Ákvörðun árgjalds.** Vegna stöðunnar í samfélaginu og góðrar stöðu reikninga félagsins var ekki lagt til að gjaldið yrði hækkað. Gjaldið verður því óbreytt og var það einróma samþykkt.
8. **Önnur mál:**
 - Rætt var um hugmyndir um foreldrarölt og bent á þar til gerðan hóp á Facebook sem ný stjórn kannski auglýsir betur. <https://www.facebook.com/groups/927539019375492/>
 - Áframhaldandi vilji til að vinna að forvarnarfræðslu fyrir eldri nemendur í samstarfi við Fjörheima og FFGír.

Fundi slitið kl. 18.00